

Hlíðasmára 8
201 Kópavogi
sími 564 4104

Útgefandi

Læknafélag Íslands
Læknafélag Reykjavíkur

Ritstjórn

Magnús Gottfréðsson,
ritstjóri og ábyrgðarmaður
Elsa B. Valsdóttir
Gerður Gröndal
Hannes Hrafnkelsson
Magnús Haraldsson
Sigurbergur Kárason
Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir

Tölfræðilegur ráðgjafi

Thor Aspelund

Ritstjórnarfulltrúi

Védis Skarphéðinsdóttir
vedis@lis.is

Blaðamaður

Gunnhildur Arna
Gunnarsdóttir
gunnhildurarna@gmail.com

Auglýsingastjóri og ritari

Esther Ingólfssdóttir
esther@lis.is

Umbrot

Sævar Guðbjörnsson
saevar@lis.is

Upplag

2000

Prentun, bókband og pökkun á Íslandi

Prenttækni ehf.
Vesturvör 11
200 Kópavogi



Áskrift

14.900,- m. vsk.
Lausasala
1490,- m. vsk.

© Læknablaðið

Læknablaðið áskilur sér rétt til að birta og geyma efni blaðsins á rafrænu formi, svo sem á netinu. Blað þetta má eigi afrita með neinum hætti, hvorki að hluta né í heild, án leyfis.

Fræðigreinar Læknablaðsins eru skráðar (höfundar, greinarheiti og útdrættir) í eftirtalda gagnagrunna: Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition, Scopus og Hirsluna, gagnagrunn Landspítala.

The scientific contents of the Icelandic Medical Journal are indexed and abstracted in Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition and Scopus.

ISSN: 0023-7213

„Svona var lífið leiðinlegt þá“

Um miðjan nóvember 1918 lágu þúsundir Reykvíkinga veikir í inflúensu. Samfélagið var allt úr skorðum, ekki nokkur sála á götum, búðir lokaðar og skortur á matvöru og eldiviði. Blöð komu ekki út. Sorgin sem grúfði yfir höfuðstaðnum var blönduð hræðslu og reiði. Hræðslu því útbreiðsla veikinnar var hröð og dánartíðnin há, sérstaklega hjá ungu fólki, og reiði því heilbrigðisyfirvöld þóttu viðhafa ómarkviss viðbrögð við að stemma stigu við útbreiðslunni.

Orsakavaldur veikinnar var óljós og hefðbundnar meðferðir við hitasótt og lungnabólgu gagnslitlar. Því freistuðust lækna að reyna ýmsar tilraunakenndar meðferðir en með litlum árangri. Í Reykjavík störfuðu 10 lækna sem sinntu sjúkum dag sem nótt og voru undir ofurmannlegu álagi, bæði andlegu og líkamlegu. Allir veiktust nema Þórður Thoroddsen sem var þeirra elstur.

Mánudaginn 25. nóvember var veikin í rénun og lífið farið að taka á sig sína réttu mynd. Þann dag hætti sérstök hjúkrunarnefnd störfum og í *Morgunblaðinu* mátti sjá tilkynningu Daniels Bernhöft um opnun brauðsölubúðarinnar. Einnig er þar greint frá því að messað hefði verið í Dómkirkjunni eftir þriggja vikna hlé og að undanfarið hefðu að meðaltali 15 greftranir farið fram dag hvern. Enn var auglýst eftir hjúkrunarfólki og ný andlát tilkynnt og þennan dag dró heimasætan í Ingólfsstræti 23, hin 12 ára gamla Jörunn Dagmar, andann í síðasta sinn. Sorgin er áþreifanleg. Myndin hefur verið dýrmæt minning syrgjandi fjölskyldu enda líklega sú eina sem til er af snótinni. Eins og hefð var fyrir fór jarðarför fram í beinu framhaldi af húskveðjunni þann 7. desember. Nokkrum dögum fyrr fór fram önnur húskveðja við Nýlendugötu sem Eufemia Waage lýsti svo: „Þegar verið var að syngja við húskveðjuna niðri í kjallaranum, greip mig mesta hugarvil og fór ég bara að hágráta. Svona var lífið leiðinlegt þá.“

Ólafur Oddsson tók myndina sem er birt með leyfi Ljósmyndasafns Íslands.

Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir

Læknablaðið hefur fengið Önnu Þorbjörgu Þorgrímsdóttur til að velja og skrifa um kápumyndir á 104. árgangi blaðsins í tilefni 100 ára afmælis Læknafélags Íslands. Myndirnar tengjast þeim efnum sem eru í brennidepli afmælisgreina hvers tölublaðs.

Anna er sagnfræðingur og safnafræðingur og fyrrum stjórnandi Lækningaminjasafnsins.

Vilja vita hver veitti vonda ráðgjöf vegna samningabrota

Dómur Héraðsdóms í máli Ölmú Gunnarsdóttur og Sjúkratrygginga Íslands er varnarsigur um atvinnuréttindi lækna og réttindi landsmanna til heilbrigðisþjónustu. Hann er kennslustund fyrir heilbrigðisráðuneytið og stofnanir þess. Þetta segir Reynir Arngrímsson, formaður Læknafélags Íslands. Læknasamfélaginu hafi verið misboðið.

Héraðsdómur Reykjavíkur felldi 19. september síðastliðinn úr gildi ákvörðun Sjúkratrygginga Íslands um að hafna umsókn Ölmú Gunnarsdóttur um aðild að rammasamningi sérfræðilækna við ríkið. Heilbrigðisráðherra hefur ákveðið að áfrýja ekki dómnum og hefur boðið ársframlengingu á samningnum sem annars rennur út um áramót. Hún boðar samráð við sérfræðilækna um kerfisbreytingar.

Reynir segir umhugsunarvert hvers vegna þrjú heilbrigðisráðherrar hafi fengið svona slaka



Ljóst er að héraðsdómur í máli sérfræðilækna gegn Sjúkratryggingum Íslands hristi upp í kerfinu.

ráðgjöf og anað út í lögleysu. „Við hljótum að spyrja hver hafi ráðið þar för. Er þetta komið úr heilbrigðisráðuneytinu, fjármálaráðuneytinu eða frá öðrum ráðgefandi aðilum eins og til dæmis Embætti landlæknis? Því verður að svara,“ segir hann.

Alma var ein af 8 sérgreinalæknum sem ákváðu að höfða mál. Gísli Guðni Hall, hæstaréttarlögmaður og verjandi hópsins, segir að skoða þurfi aðstöðu hvers og eins sérfræðilæknis með tilliti til réttar á skaðabótum. Skaðinn kunnir að vera mismikill.

„Aðstæður þessara lækna eru mismunandi, sumir búa ytra, aðrir hér heima. Svo héldu sumir áfram að starfa á spítölum erlendis en Alma til að mynda hafði ákveðið að flytja heim,“ segir hann og telur líklegt að allir geti sýnt fram á tjón.

GAG